

## Niðurstöður SET- lista í Síðuskóla veturinn 2020 til 2021

Kristín Irena frá Lundarskóla og Guðbjörg Ingimundardóttir frá Fræðslusviði gerðu athugun saman. Vegna COVID 19 var frestað að gera SET lista könnun þar til takmörkunum var aflétt. Þess vegna var úttektin óvenju seint á árinu og ekki gott að nota hana til samanburðar við fyrri ár.

Heildarmeðaltal skors fyrir flokkana sjö er 100% og telst það mjög gott ef tekið er mið af öllum flokkum samanlagt.

Hér fyrir neðan má sjá niðurstöðurnar úr hverjum flokki fyrir sig:

### A. Reglur skilgreindar – 100% Mjög gott.

- Jákvæðar skólareglur eru til staðar og fæst fullt skor fyrir það. Reglur voru sýnilegar á öllum þeim stöðum sem skoðaðir voru einfaldar og rammaðar fallega inn. Eins og áður þarf að fylgjast vel með því að reglurnar sem eru hengdar á snúurnar séu ekki hengdag of hátt upp! Ekki er dregið niður fyrir þetta en mikilvægt að fylgjast vel með þessu.
- Fyrir frama íþróttahúsið eru reglur en þær eru ekki SMT reglur heldur reglur íþróttahússins og er verulegur munur þar á. Mikilvægt að hafa gott samstarf við starfsmenn íþróttahússins og samræma reglurnar og æfa þær með börnunum.

### B. Reglur kenndar- 100% Mjög gott –Samkvæmt stöðluðum spurningarlista þá

spurðum við nemendur um yfirreglurnar í skólanum en rétt er að spyrja um einkunnarorð, en það virtist ekki koma að sök þar sem flest allir voru með þetta á hreinu. Þeir sem ekki gátu svarað höfðu bara ekki hugmynd um hvað við vorum að tala yfirhöfuð.

- Tveir starfsmenn af tíu sem spurðir voru sögðust ekki hafa kennt skólareglur á þessu skólaári.  
Allir nemendur nema einn gátu svarað hver voru gildi/einkunnarorð skólans.
- Allir nema einn starfsmaður skólans sem spurðir voru um einkunnaorð/gildi skólans gátu svarað því.
- Ólöf byrjar alltaf á haustin með því að kenna öllum reglur á sal, þar sýnir hún réttu hegðunina og minnir á að síðan muni börnin fá upprifun á reglunum.

Síðan eru skráningar sem kennara þurfa að fylla í þegar þeir hafa kennt reglurnar og rifjað þær upp.

**C. Viðvarandi hvatningakerfi – 100% Mjög gott**

**Hundramiðaleikurinn.**

**Einstaklingar hafa fengið hrósmiða og skráningar í mentor.**

**Purfti að aðlaga að covid en yngri börnin sýndu okkur ýmsar útfærslur og lausnir í stað hrósmiða. Öll börnns sem við spurðum höfðu fengið hrós með einhverjum hætt. Eldir börnin fá sum hrós rafrænt og fannst það ekki síðra, dálítið fullorðins 😊**

**D. Viðbrögð við óæskilegri hegðun – 100%**

- **Ritari safnar og slær inn stoppmiða frá skólaliðum í mentor**
- **Kennara slá sjálfir inn stoppmiða**
- **Agafarlið tekur við**
- **Nemendur fá hreint borð um áramót, þannig að ef þú hefur fengið 2 stoppmiða fyrir jól þá er nemandi með 0 eftir áramót.**
- **Þau mál sem algengast er að komi inn í agafarlið eru hegðunarvandamál, samskiptamál og skólaforðun**

**E. Eftirlit og ákvarðanatataka – 100% (8 stig fengust af 8 mögulegum)**

- **Skerpa enn betur á að nota kerfið, stöðugt að minna menn á það**
- **Kenna reglurnar, aftur og aftur**
- **Kenna nýjum nemendum reglurnar, kalla þá inn í reglukennslu, Ólöf gerir það sjálf**
- **Þeir sem brjóta reglurnar fá sérstaka reglukennslu til að yfirfara að þeir kunni þær örugglega**
- **Þriðjastigsbrot meðhöndluð samdægurs unnið úr því saman og tekið á því samdægurs**

**F. Stjórnun- 100% (15 stig fengust af 16 mögulegum)**

- Þrisvar á haust önninni hafa starfsmenn verið upplýstir um stöðu skráninga, sem er mjög gott, mikil bót frá síðasta ári.
- SMT teymið sendir út fréttabréf mánaðarlega sem er mjög til fyrirmyndar

#### **G. Stuðningur sveitarfélags - 100% Mjög gott**

**Að sögn skólastjóra er fjármagn ekki mikið en alltaf eitthvað sem þarf að leggja út fyrir eins og hundramiðaleikurinn, reglu uppsetningar og tími starfsmanna sem er eyrnamerktur vinnu við SMT. En það sem skiptir mestu máli er að gefa SMT rými og vefja það inn í allt skólastarfið.**

Það er gaman að heimsækja Síðuskóla og sjá allt það góða SMT starf sem þar er unnið. Bæði nemendur og starfsfólk tóku vel á móti okkur. Það vekur sérstaka athygli hvað SMT er öflugt og metnaðarfullt. Skólastjórinn hefur mikinn metnað og leggur sig fram um að hafa hlutina skýra og getur vel deilt ábyrgð sem verður til þess að margir eru að draga SMT vagninn.